

## Aðalfundur Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar

2013

1. Guðrún Karlsdóttir setur aðalfund ÆSKP klukkan 18:08 þann 8. mars 2013
  - a. 22 aðili eru mættir á fundinn, þar af einn í fjarfundarsambandi.
  
2. Ninna Sif Svarvarsdóttir kosin fundarstjóri, Kristján Ágúst Kjartansson kosinn fundarritari
3. Skýrsla framkvæmdarstjórnar: Aðildarfélögum voru send skýrslan fyrir fundinn til glöggvunar. Formaður stjórnar, Guðrún Karls Helgudóttir, kynnir og reyfar helstu atriði skýrslunnar.
  - a. Umræður um skýrslu framkvæmdarstjórnar:
    - i. Deildarstjóri Menntamálaráðuneytisins, Erlendur Kristjánsson tekur til máls; Veitir stjórn heilræði að senda ávalt styrktaraðilum þakkarbréf.
    - ii. Fulltrúi erlendra samskipta ÆSKP, Þórunn Harðardóttir tekur til máls; Vekur athygli á að þó að þess sé ekki getið í skýrslu framkvæmdarstjórnar hefur Rakel Brynjólfsdóttir einngi í ríkum mæli sinnt erlendum samskiptum.
    - iii. Landsmótsstjóri, Rakel Brynjólfsdóttir; Vekur athygli á skýrslu landsmótsstjóra sem liggur frammi á fundinum.
  
4. Ársreikningar: Aðildarfélögum voru send skýrslan fyrir fundinn til glöggvunar. Gjaldkeri stjórnar, Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri kynnir reikninga félagsins.
  - c. Umræður og samþykkt ársreikninga.
    - i. Erlendur Kristjánsson tekur til máls; Leggur til að liður um framlög og styrkir verði framvegis sundurliðaður, svo sýnilegt sé hvaðan fjárstyrkir sambandsins berast.
    - ii. Ársreikningur er samþykktur samhljóða með handaupplýftingu
  
5. Rekstraráætlun og ákvörðun félagsgjalda. Gjaldkeri stjórnar kynnir rekstraráætlun og gerir sérstaklega grein fyrir stærstu gjalda og tekjuliðum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir 225þ króna hagnaði í rekstri sambandsins og landsmóts.
  - a. Umræður og afgreiðsla.
    - iii. Gjaldkeri leggur til að tekjuafgangur fari í sjóð vegna óvæntra atvika.
  - b. Ákvörðun félagsgjalda.
    - i. Stjórn sambandsins leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá fyrra starfsári.
    - ii. Tillagan er borin upp til umræðu og samþykkis. Tillagan er samþykkt samhljóða með handaupplýftingu
  
6. Skýrsla framkvæmdarstjóra. Aðildarfélögum voru send skýrslan fyrir fundinn til glöggvunar. Framkvæmdarstjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir kynnir og reyfar helstu atriði skýrslunnar;

Skýrslan er í samhljóðan við skýrslu stjórnar, nú þegar hefur verið boðað til tveggja námskeiða “Verndum þau” á næsta starfsári. Að lokum þakkar stjórninni aðstoð í ljósi lágs starfshlutfalls framkvæmdarstjóra.

c. Umræður.

- i. Gjaldkeri tekur til máls: Varðandi málefni skýrslu stjórnar og frkv.stjóra. og Gerir grein fyrir umræðu sem hefur átt sér stað um hugsanlega sameiningu skýrslu framkvæmdarstjórnar og framkvæmdarstjóra. Ákvörðun stjórnar varð sú að þó svo þessar skýrslur séu að öllu jöfnu í samhljóðan, sé mikilvægt að halda þessum skýrslum aðskildum til að
- ii. Framkvæmdarstjóri vekur athygli á að Landsmót er orðið stærsti viðburður innan kirkjunnar á Íslandi.
- iii. Erlendur Kristjánsson tekur til máls: Ítrekar mikilvægi þess að starfað sé á landsvísu, hvetur jafnframt félög til að sækja styrki í æskulýðssjóð, hvort sem er beint eða í gegnum ÆSKP. Það er bjart frammundan og hvetur stjórn sambandsins til að sækja um rekstrarstyrk til Menntamálaráðuneytisins í ljósi vel unninna verka, sambandið vinnur mikilvægt starf á sviði æskulýðsmála. Bendir á að kirkjan ætti að sjá sóma sinn í því að standa vel að baki þessa starfs og sjá til þess að rekstur sambandsins sé ávalt tryggður. Væntanlegt er uppfært efni fræðsluverkefnisins Verndum þau, og hvetur til áframhaldandi námskeiðishalds. Minnr á verkefnið Evrópa unga fólksins og Kompás námskeiðin. Kompasító er í þýðingu, kemur út fyrir árslok. Einnig er í gangi eineltisverkefni sem er í boði án endurgjalds. Hvetur til að nýta alla þessa möguleika. Leggur á að sambandið tileinki sér eineltisáætlun, og að ÆSKP fylgi því eftir að slík áætlun sé fyrir hendi hjá aðildarfélögum. Að lokum óskar til hamingju með góða mætingu á fundinn og vel unnin störf á liðnum árum.
- iv. Framkvæmdarstjóri tekur til máls: Vekur athygli á að hjá stjórn sambandsins sé til viðbragðsáætlun sem unnið er eftir m.a. á Landsmóti. Nefnir áhuga á að kynna leiðbeiningar um ábyrgð og skyldur starfsmanna í æskulýðsstarfi.
- v. Erlendur tekur til máls: Þessar leiðbeiningar er mjög gott efni og hvetur eindregið til að sækja um styrk í æskulýðssjóð til að kynna þetta efni og koma því út í söfnuði. Leggur áherslu á að það sé nauðsynlegt að þetta sé til í öllum söfnuðum.

7. Starfsáætlun. Aðildarfélögum voru send skýrslan fyrir fundinn til glöggvunar. Framkvæmdarstjóri kynnir áætlunina. Leggur fram til skoðunar skýrslu um Kirkjuþing unga fólksins. Auglýsir nýtt mál varðandi efnisgerð fyrir Farskóla leiðtogaefna. Tekið verður við tillögum og umsóknum um þátttöku vegna gerðar á nýju fræðsluefni.

a. Umræða og afgreiðsla:

- i. Fundargestur spyr, “hvað er Easter Course?”

- i. Fulltrúi erlendra samskipta tekur til máls. Easter Course er mannréttindanmássskeið styrkt af Evrópuráði. Haldið árlega í páskaviku, að þessu sinni á Íslandi. Í ár er þema mótsins kynþátta- fordómar og hatur. Vettvangur mótsins verður fyrst og fremst í efra breiðholti því við undirbúning kom fram að vandinn þar er mikill og verkefnið að verða brýnt málefni hér á landi.
- b. Starfsáætlun borin upp til atkvæðagreiðslu.
  - iii. Starfsáætlun er samþykkt samhljóða með handaupplýftingu.

## 8. Lagabreytingatillögur.

- a. Engar hafa borist.

## 9. Kosning formanns, ritara, gjaldkera og tveggja meðstjórnenda í framkvæmdastjórn ÆSKP, sbr.

### 7. gr.

- a. Fundargestir kynna sig (stjórnumerkir hafa ekki atkvæðisrétt):

- i. Guðmundur Karl Einarsson, Digraneskirkju
- ii. Páll Ágúst Ólafsson, Lauganeskirkju
- iii. Matthildur Ósk Óskarsdóttir, Hofsprestakall
- iv. Sóley Hulda Þórhallsdóttir, Akureyrarkirkju
- v. Erlendur Kristjánsson, MMR \*
- vi. Steinunn Anna Baldvinsdóttir, Árbæjarkirkju
- vii. Ingunn björg Jónsdóttir, Árbæjarkirkja
- viii. Svava Ósk Daníelsdóttir, Gleráarkirkju
- ix. Guðrún Ösp Erlingsdóttir, Gleráarkirkju
- x. Hafþór Freyr Líndal, Akureyrarkirkju
- xi. Jóhanna Sigfúsdóttir, Reyðarfjörður
- xii. Hjörtur Elí Steindórsson, Reyðarfjörður
- xiii. Þórunn Harðardóttir, Hafnarfjarðarkirkju
- xiv. Raket Brynjólfsdóttir, Digraneskirkju
- xv. Konný Björg Jónasdóttir, Skálholtskirkju
- xvi. Herdís Ingvadóttir, Skálholtskirkju
- xvii. Þóra Björg Sigurðardóttir, Grafarvogskirkju
- xviii. Sigríður Rún Tryggvadóttir, ÆSKP\*
- xix. Guðrún Karls Helgudóttir, Grafarvogskirkju
- xx. Ninna Sif Svarvarsdóttir, Selfoskirkju
- xxi. Kristján Ágúst Kjartansson, ÆSKP\*
- xxii. Stefán mór Gunnlaugsson, Vopnafjörður (í fjarfundi kýs ekki)\*
- xxiii. Samtals 18 fundargestir með atkvæðisrétt.

- b. Kosið um formann leynilegri kosningu.
  - iii. Guðrún Karls Helgudóttir kynnir sig og gefur kost á sér til formanns.
  - i. Guðrún Karls Helgudóttir er kosin með 18 (öllum greiddum) atkvæðum.
- c. Kosið um gjaldkera með leynilegri kosningu.
  - iii. Guðmundur Karl Einarsson, kynnir sig og gefur kost á sér til gjaldkera.
  - iv. Guðmundur er kjörinn með 18 (öllum greiddum) atkvæðum.
- d. Kosið er um einn meðstjórnanda til eins árs.
  - iii. Sunna Dóra Möller sendi fundinum bréf, þar sem hún kynnir sig og gefur kost á sér til meðstjórnanda. Fundarstjóri les bréfið.
  - iv. Sunna Dóra er kjörinn með 17 atkvæðum, auðir og ógildir 1.

#### 10. Kosning fimm manna varastjórnar.

- a. Formaður kynndir verkefni, réttindir og skyldur varastjórnar.
- b. 6 gefa kost á sér í kjör til 5 manna varastjórnar, kosið sameiginlegri leynilegri kosningu.
- c. Frambjóðendur eru sem hér segir og kynna sig:
  - i. Matthildur Ósk Óskarsdóttir (Hofsl prk)
  - ii. Hafþór Freyr Líndal (Ak.k)
  - iii. Sóley Hulda Þórhallsdóttir (Akureyrarkirkja)
  - iv. Steinunn Anna Baldvinsdóttir (Árbæjarkirkja)
  - v. Þóra Björg Sigurðardóttir (Grafarvogskirkja)
  - vi. Þórunn Harðardóttir (Hafnarfjarðarkirkja)
- d. 16 Kjörseðlum af 18 var skilað inn til kosningar. Niðurstaða kosningar er sem hér segir:
  - i. 3 frambjóðendur eru jafnir að atkvæðum (15 atkvæði), og varpa hlutkesti um fyrstu 3 sæti í varastjórn. 4. varamaður hlaut 14 atkvæði og 5. varamaður 13 atkvæði, einn frambjóðandi náði ekki kjöri með 7 atkvæðum.
    - 1. Fyrsti varamaður Hafþór Freyr Líndal(15 atkvæði, 1. hlutkesti)
    - 2. Annar varamaður Steinunn Steinunn Anna Baldvinsdóttir(15 atkvæði, 2. hlutkesti)
    - 3. Þriðji varamaður Þórunn Harðardóttir (15 atkvæði, 3. hlutkesti)
    - 4. Fjórdi varamaður Matthildur Ósk Óskarsdóttir (14 atkvæði)
    - 5. Fimmti varamaður Þóra Björg Sigurðardóttir (13 atkvæði)
  - i. Sóley Hulda Þórhallsdóttir hlýtur 7 atkvæði.

#### 11. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

- c. Kosið er leynilegri kosningu:
  - i. Pétur Þorsteinsson gefur kost á sér símleiðis.
  - ii. Magnús Magnússon gefur kost á sér símleiðis.

iii. Pétur Þorsteinsson og Magnús Magnússon kosnir með 15 atkvæðum, auðir seðlar og ógildir eru 2.

## 12. Tillögur og ályktanir.

c. Engar tillögur eða ályktanir hafa borist fundinum.

## 13. Önnur mál

- a. Erlendur Kristjánsson tekur til máls. Vekur athygli á því hvernig farið er með vatn á Íslandi í ljósi söfnunar í erlendu hjálparstarfi. Bendir á að skoða drög að stefnumótun í æskulýðsmálum, skýrslan er aðgengileg á vef MMR. Óskar eftir athugasemdum og tillögum. Hvetur fundarmenn til að leita til hans ef hann geti mögulega boðið fram einhverja aðstoð á fyrir hönd MMR. Hvetur sambandið til að sækja um styrki í æskulýðssjóð fyrir sem fjölbreyttustum verkefnum.
- b. Erlendur Kristjánsson vísar af fundi.
- c. Landsmótsstjóri tekur til máls. Kynnir skýrslu landsmótsstjóra og reyfar helstu atriði og nýmæli á liðnu móti.
- d. Landsmótsstjóri tekur til máls. Kynnir viðbragðsáætlun ÆSKP sem unnin var fyrir Landsmót en nýtist í öllu starfi sambandsins. Áætlunin er í sífelltri skoðun og vel tekið við ábendingum.
- e. Landsmótsstjóri tekur til máls: Leggur til að sett verði inn í dagskrá aðalfundar liður “skýrsla landsmótsstjóra” í ljósi þess hve Landsmót sé orðinn stór liður í starfsemi sambandsins.
- f. Formaður tekur til máls. Kynnir mál er varðar TTT mót á vegum ÆSKP.
  - i. Vegna athugasemdar um að ekki sé staðið að eða stutt við samskonar mót á öllum landshlutum.
  - ii. Stjórn efast um að landshlutamót sé rétt verkefni landssambands.
  - iii. Formaður óskar eftir athugasemdum og hugmyndum fundargesta
  - iv. Þórunn bendir á að ÆSKP hefur staðið fyrir TTT móti á austurlandi. En nú er það á vegum ÆSKEY.
  - v. Formaður tekur til máls. Annað hvort höldum við mót allsstaðar, eða styrkjum allsstaðar, en sambandið hefur ekki fjármuni til þess. Spyr hvort það sé kominn tími til að endurskoða þessi mót, en málið verður áfram rætt innan stjórnar.
  - vi. Páll Ágúst tekur til máls. Bendir á að á suðvesturlandi séu landshlutasamtök sem vel geti og muni líklega taka að sér að halda TTT mót ef ÆSKP dregur sig út úr því. Hvetur jafnframt að umsjónarmaður ÆSKP með þessu móti miðli og afhendi þær upplýsingar og gögn sem gagnist þeim er taki við.
  - vii. Fulltrúi erlendra samskipta og Landsmótsstjóri taka sameiginlega til máls. Kynna Easter Course á Íslandi 2013, og óska eftir leiðtogum til þátttöku við mótshaldið. Óska eftir að framkvæmdarstjóri auglýsi eftir leiðtogum á leiðtogalistanum.

viii.Landsmótsstjóri tekur til máls. Óskar eftir áhugasömum að hafa samband við sig til setu í nefnd og þáttöku í undirbúningi Landsmóts 2013.

14. Guðrún Karls Helgudóttir slítur fundi klukkarn 20:08

Áritanir stjórnar um rétta fundargerð